

Ed.

## 362. Frumvarp til laga

[164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi og tóbak til erlendra farþega, er fara um Keflavíkurflugvöll.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til erlendra farþega og flugvélaáhafna, sem um völlinn fara.

Áfengisverzlun ríkisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

### 2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölu þeirri, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr. eftir því sem við á.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sá háttur hefur verið upp tekinn á síðustu árum á nokkrum hinna stærri flugvalla erlendis, að erlendir farþegar og flugvélaáhafnir, sem um þá fara, eiga þess kost að kaupa áfengi, tóbak og jafnvel fleiri vörur, við vægu verði í hinum svo nefndu „tollfrjálsu“ búðum, sem komið hefur verið á fót á þessum stöðum.

Mun einna mesta kveða að þessu á Shannonflugvelli í Írlandi, en um þann völl er mikill straumur farþegaflugvéla, sem fljúga milli Evrópu og Ameríku.

Er mjög sótt eftir þessum viðskiptum af hálfu farþega og áhafna flugvéla og er talið, að þau stuðli að auknum viðkomum véla á þessum stöðum. Skapar það meiri tekjur af landingagjöldum, auk annarra tekna, svo sem af sölu eldsneytis o. þ. h.

Íslensk yfirvöld hafa nú um skeið athugað, hvort eigi væri tiltækilegt að hefja á Keflavíkurflugvelli einhvern vísu að viðskiptum sem þeim, er hér að framan hefur verið lýst, ef það mætti verða til þess að auka umferð erlendra farþegaflugvéla um völlinn. Hefur jafnvel verið talið að flugvélar, sem að öðru jöfnu mundu leggja leið sína um Keflavíkurflugvöll, hafi fremur kosið að fara um Shannon til þess að farþegar og áhafnir gætu átt viðskipti í hinni „tollfrjálsu“ búð þar. Hlutaðeigandi íslenskir embættismenn hafa kynnt sér nokkuð fyrirkomulag þessara „tollfrjálsu“ viðskipta erlendis, svo sem á Shannonflugvelli og Schipholflugvellinginum við Amsterdam og hafa þeir eindregið lagt til, að sams konar háttur verði upp tekinn á Keflavíkurflugvelli.

Er nú fengin aðstaða í gistihúsinu á flugvellinginum fyrir búð, þar sem hægt væri að hefja sölu á áfengi og tóbaki til erlendra farþega, sem um völlinn fara.

Með frv. þessu er farið fram á heimild til þess að koma á fót slíkri útsölu. Þykir rétt að Áfengisverzlun ríkisins hafi með höndum rekstur búðarinnar, þar eð líkur benda til að einkum muni verða keypt áfengi, þótt sjálfsgætt hafi verið talið að hafa tóbak einnig á boðstólum. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin setji reglur, er tryggja að misnotkun geti eigi átt sér stað. Mun þar m. a. verða stuðzt við gögn, er aflað hefur verið erlendis á þeim stöðum, sem þegar hafa komið á þessu fyrirkomulagi.